

Tilkynning

frá Fornleifavernd ríkisins

Með vísan til 9. og 11. gr. Þjóðminjalaga nr. 107/2001 lýsir Fornleifavernd ríkisins hér með yfir friðlýsingu flugvélarflaks af gerðinni Northrop N-3PB Torpedo Bomber sem fannst á botni Skerjafjarðar 27. ágúst sl.

Flakið er staðsett innan neðangreindra punkta:

1. N 64°06'98 / W 021°57'32
2. N 64°06'98 / W 021°57'15
3. N 64°06'95 / W 021°57'32
4. N 64°06'95 / W 021°57'15

Friðlýsingin felur í sér köfumarbann yfir flakinu og í 20 metra radius í kringum það.

Friðlýsingin gildir þar til annað verður ákveðið af Fornleifavernd ríkisins í samráði við Landhelgisgæslu Íslands og dómsmálaráðuneytið.

Garðabæ, 7. febrúar 2003.

Kristín Huld Sigurðardóttir
forstöðumaður

Fornleifavernd ríkisins,
Lyngási 7, 210 Garðabæ.

AUGLÝSING

vegna friðlýsingar flaksins af póstskipinu Phönix.

Í samræmi við ákvæði í 11. gr. laga nr. 107/2001 tilkynnist það hér með að Fornleifavernd ríkisins hefur friðlýst flakið af póstskipinu Phönix ásamt öllum munum sem varðveist hafa í og við flakið.

Flakið er staðsett við Syðra Skógarnes í Eyja- og Miklaholtshreppi í Hnappadalssýslu, en skipið fórst í óveðri í upphafi árs 1881.

Skipsflakið er innan eftirfarandi punkta:

1. 64°46,05 N - 22°35,17 V
2. 64°46,05 N - 22°34,92 V
3. 64°45,95 N - 22°34,92 V
4. 64°45,95 N - 22°35,17 V

Friðlýsingin felur í sér köfunarbann yfir flakinu og í 20 metra radíus í kringum það, án leyfis Fornleifaverndar ríkisins.

Fornleifavernd ríkisins, 23. desember 2010.

Kristín Huld Sigurðardóttir forstöðumaður.

B-deild - Útgáfud.: 14. janúar 2011

Útgáfud.: 29. nóvember 2006

Tilkynning frá Fornleifavernd ríkisins

Með tilvísan í 9. og 11. gr. Þjóðminjalaga nr. 107/2001 lýsir Fornleifavernd ríkisins hér með yfir friðlýsingu flaks franska rannsóknarskipsins Pourquoi Pas? sem fórst í aftakaveðri 16. september 1936 við skerid Hnokka út af Álftanesi á Mýrum. Friðlýsingin nær yfir alla hluta flaksins og alla gripi í og við það.

Staðsetning: N 64 27.066 / V 022 13.955

Friðlýsingin felur jafnframt í sér að óheimilt er að kafa við flakið án leyfis Fornleifaverndar ríkisins.

Ákvæði 17. gr. Þjóðminjalaga um viðhald fornleifa gilda ekki í þessu tilfalli.

Reykjavík, 16. september 2006.

Kristín Huld Sigurðardóttir forstöðumaður,
Fornleifavernd ríkisins,
Suðurgötu 39, 101 Reykjavík.

(2006022248)
